



Minni flugsamgöngur á síðustu tveimur árum hafa dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var losun hitunargilda (CO₂-ígilda) frá hagkerfi Íslands 5.505 kílótonn á árinu 2020, sem var 16,3% minni losun en 2019, þegar hún var 6.575 kílótonn. Árslosun 2019 minnkaði einnig frá 2018 og var 13,5% minni en árslosunin 2018. Meginástæða þessa var mikill samdráttur í flugi.

Árið 2018 var stærsta ár sögunnar varðandi komur ferðamanna til Íslands og það markar losunarbókhaldið mikið. Árið 2019 hætti WOW air rekstri, þannig að áhrif farþegaflugs á losun hófust strax þá. 2020 hefur síðan einkennst af áhrifum kórónuveirufaraldursins á flugsamgöngur og einkennandi greinar ferðapjónustu.

Losun á fjórða ársfjórðungi 2020 var 25,5% minni en losun á sama ársfjórðungi 2019. Losun vegna flugrekstrar mældist 36,3% minni á fjórða ársfjórðungi 2020 miðað við 2019 og losun vegna aksturs heimilisbíla mældist 7% minni. Losun frá iðnaði jókst hins vegar um 6,8% milli ára.


Allt frá upphafi ársins 2019 var ljóst að losun frá flugsamgöngum¹ myndi minnka mikið og þurfti ekki faraldur til. Losun frá flugsamgöngum minnkaði þannig um 36% milli 2018 og 2019 og losun frá stóriðju minnkaði einnig um 9%. Þá minnkaði losun frá flutningum á sjó um 10%. Ástæður þessa voru nokkrar, brotthvarf WOW air, minni framleiðsla og bilanir í álverksmiðjum og almennur samdráttur tengdur þessu. Þarna var því ekki um skipulagðan samdrátt í losun samkvæmt markmiðum að ræða.

Mest losun á 3ja ársfjórðungi


Losun innan ársins hefur jafnan verið mest á 3. ársfjórðungi sem markast mikið af því að þá er ferðamannatíminn í hámarki og efnahagsstarfsemin mest. Losun á árinu 2020 var minni á öllum ársfjórðungum en verið hefur síðustu fimm ár.

¹ Losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum er metin út frá því eldsneyti sem notað er af flugvélum og skipum á alþjóðlegum leiðum og er selt hér á landi.

Losun CO₂ 2016-2020



Heildarlosun íslenska hagkerfisins





Áframhaldandi minnkun losunar á árinu 2020

Nú hefur Hagstofan birt tölur um losun á öllu árinu 2020. Ef þessir ársfjórðungar eru bornir saman við fyrra ár má sjá að minnkun losunar frá flugsamgöngum skiptir verulegu máli. Losun frá flugsamgöngum á árinu 2020 var einungis um 30% af því sem hún var á árinu 2018, þegar hún var mest. Losun frá flugsamgöngum 2020 varð svo tæplega helmingur af því sem var 2019. Losunin frá stóriðju 2020 var 1,5% meiri en 2019, en um 8% minni en hún var 2018.

Losun frá heimilum minni 2020

Losun frá heimilum er innan við 10% af heildarlosun hagkerfisins. Langstærstur hluti losunar heimila kemur til vegna flutninga (einkabílsins), sem minnkaði töluvert milli árána 2019 og 2020. Minnkun losunar vegna flutninga varð mest á 2. og 4. ársfjórðungi í fyrra.

Sex greinar með yfir 3/4 hluta losunar


Þær sex greinar sem hér hefur verið fjallað um (flugsamgöngur, stóriðja, heimili, landbúnaður, flutningar á sjó og fiskveiðar) losuðu um 86% af heildarmagni losunar hér á landi 2016-2018. Þetta hlutfall lækkaði svo niður í 82% 2019 og 79% 2020 og er skýringin minni flugumferð. Minnkun flugumferðar felur auðvitað í sér að hlutfall annarra greina hækkar, en það á þó ekki við um flutninga á sjó og fiskveiðar þar sem hlutfallið lækkaði 2020.

Margt fer ekki í bókhaldið

Minnkun losunar í flugsamgöngum skiptir ekki miklu máli varðandi þau markmið í loftslagsmálum sem þjóðin hefur tekið á sig.


Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda er flókið, t.d. varðandi uppsprettu losunarinnar og skuldbindingar ríkja. Þannig eru alþjóðaflug og alþjóðasiglingar undanskildar skuldbindingum ríkja í Kýótóbókuninni. Sumt fellur undir skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld bera beina ábyrgð á, annað undir samevrópskt viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) og enn annað heyrir undir alþjóðlegar stofnanir, t.d. á sviði flugmála og siglinga. Þannig heyrir stóriðja undir ETS, og þar bera fyrirtækin sjálf ábyrgð á losun sinni og þurfa að útvega sér heimildir til losunar, t.d. með kaupum á

Losun heimila - flutningar




Heimild: Hagstofa Íslands

Útblástur heimila vegna flutninga



Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall af heildarlosun



Heimild: Hagstofa Íslands



markaði. Losun alþjóðaflugs er enn sem komið er sér á parti og heyrir ekki undir íslensk stjórnvöld.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.